

Matvælastofnun
b/t Guðmundur Valur Stefánsson
Austurvegi 64
800 Selfoss

Reykjavík, 1. desember 2020
UST202011-128/R.K.
08.12.01

Efni: Umsókn um endurnýjun á skeldýraræktunarleyfi fyrir allt að 198 tonn/ári ræktun af bláskel í Steingrímsfirði– umsögn

Vísað er til umsagnarbeiðni Matvælastofnunar (MAST) dagsett 11. nóvember 2020 um umsókn til endurnýjunar á ræktunarleyfi á kræklingi (*Mytilus edulis* einnig nefnd bláskel) fyrir allt að 198 tonn á ári í Steingrímsfirði við Kaldrananeshrepp. Óskar MAST eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðarfræðiahrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdarlýsing

Um er að ræða endurnýjun á leyfi IS-36060 sem Fiskistofa gaf út og gildi frá 22. júlí 2010 til 22. júlí 2020. Leyfið grundvallast á lögum nr. 90/2011 um skeldýrarækt. Í umsókninni kemur fram að ekki verður nein breyting á starfseminni heldur áframhaldandi línurækt til ásetu kræklinga á tveimur ræktunarsvæðum í Steingrímsfirði.

Staðaraðstæður og áhrif

Kræklingarækt og umhverfisaðstæður voru kannaðar í Steingrímsfirði¹ með sýnatökum frá ræktunarstöðum á árunum 2010 - 2011 á vegum Hafrannsóknarstofnunar. Þar voru kannaðar aðstæður kræklinga líkt og sjávarhiti, blaðgræna, skellengd og holdarfarsstuðull, kynþroski, hrygning og lirlfu þroski. Ekkert kom fram um áhrif ræktunar á svæðið en niðurstöður sýndu að Steingrímsfjörður hentar vel til skeldýraræktunar.

Steingrímsfjörður er á Ströndum í Húnaflóa og er bláskelsræktunin á tveimur stöðum í firðinum, við Hellu og við Birgisdalsá. Umhverfisstofnun óskaði eftir viðbótarupplýsingum frá MAST, um náttúrulegar aðstæður á svæðinu og um útbreiðslu kræklinga, sem bást frá umsækjanda. Ræktunarsvæðin í Steingrímsfirði eru staðsett við norðurströndina en fjörðurinn er 23 kílómetra langur og liggur frá austri til vesturs og

¹ Guðrún G. Þórarinsdóttir, Hafsteinn G. Guðfinnsson & Jón Örn Pálsson. (2015). Kræklingarækt og umhverfisaðstæður í Patreksfirði og Steingrímsfirði. Hafrannsóknir nr. 177.

sveigir svo til norðvesturs fyrir miðju. Dýpi er frá 10 til 35 faðmar á svæðunum og þar er tölverður straumur. Fram kom hjá umsækjanda að sjávarbotninn á svæðinu hefur ekki verið kannaður sérstaklega en að bláskelin hefur náttúrulega útbreiðslu í firðinum. Villtar svíflægar lirfur setjast á línur ræktunarinnar.

Í kræklingarækt sem þessari er ein helsti afræninginn æðarfugl. Í umsókn segir að reynt sé að hafa sem mest af eldisbúnaði neðansjávar og án merkingar svo að æðarfugl verði ekki var við línurnar og fari ekki í þær. Umhverfisstofnun telur að fjalla hefði mátt um það hvað sé gert þegar línur er sökkt.

Erfðafræðiáhrif og áhrif ræktunar á botndýralíf

Kræklingur er innlend skeldýrategund við Ísland og því ekki hættu á óæsklegum vist- eða erfðafræðilegum áhrifum af ræktun hennar í íslenskum fjörðum að mati Umhverfisstofnunar.

Kræklingurinn nærast á þeirri fæðu sem er til staðar á ræktunarsvæðinu með síun örsmárra agna úr sjónum og er ekki fóðraður. Er því engin uppsöfnun á fæðuleyfum undir línunum og ætti ræktunin ekki að hafa nein neikvæð áhrif á botndýralíf fyrir neðan línurnar að mati Umhverfisstofnunar.

Niðurstaða

Kræklingarækt hefur verið virk í Steingrímsfirði í meira en áratug og er áframhaldandi ræktun ekki líkleg til að hafa nein áhrif umfram núverandi ástand að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun telur ekki neitt benda til þess að ræktunin hafi valdið neinum neikvæðum umhverfisáhrifum hingað til. Stofnunin telur því að starfsemin gefi ekki tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að liggja ættu fyrir frekari upplýsingar um afdrif lína sem sökkva í Steingrímsfirði fyrir útgáfu ræktunarleyfis.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við umrædda umsókn um endurnýjun á skeldýraræktunarleyfi.

Virðingarfyllst

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri